

Eystrahorn

14. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 11. apríl 2019

www.eystrahorn.is

Fulltrúar FAS í skosku hálöndunum

Í síðustu viku lögðu þrjú fulltrúar frá FAS land undir fót og héldu í fimm daga ferð til Fort William í skosku hálöndunum, til að taka þátt í námskeiði. Þetta voru þau Sigurður Ragnarsson og Hulda Laxdal Hauksdóttir kennarar og leiðsögumenn og Sólveig Sveinbjörnsdóttir leiðsögumaður.

Námskeiðið var haldið á vegum ADVENT menntaverkefnisins sem FAS er í ásamt Ríki Vatnajökuls, Rannsóknarsetri HÍ og skólum, rannsóknarstofnunum og ferðaþjónustuklösum í Skotlandi og Finnlandi. Verkefnið er styrkt af Erasmus+.

Námskeiðið var eitt af níu tilraunanámskeiðum sem prufukeyrð verða í ADVENT verkefninu.

Háskólinn í Fort William (UHI) skipulagði námskeiðið sem bar enska heitið *Guiding and Interpretation* og snérist um leiðsögumennsku, framkomu og hvernig setja megi fram fræðslufni fyrir ferðamenn á skýran og skilmerkilegan hátt. Var námskeiðið ætlað bæði starfandi fólki í ferðaþjónustu sem og nemendum í ferðamála-leiðsögu- og útivistarnámi.

Auk Íslendinganna þriggja voru þrjú ferðaþjónustuaðilar og kennarar frá Skotlandi og tveir kennarar frá Finnlandi. Sambærilegt námskeið verður í framhaldinu mögulegt að keyra á Íslandi eða í Skotlandi, nema lagað að því svæði sem um ræðir í hverju landi fyrir sig.

Mánudagur og föstudagur fóru í ferðalög milli Íslands og Fort William en námskeiðið sjálft tók þrjú daga. Fyrsti námskeiðsdagurinn fór í að ræða hlutverk leiðsögumanna og hvers viðskiptavinir ætlast til af leiðsögumönnum. Einnig var farið yfir hugmyndafræði *Leave no Trace* sem í stuttu máli snýst um að skilja sem minnst eftir



sig á sama tíma og náttúrunnar er notið á ábyrgan og öruggan hátt. Krafa sem gerð er til leiðsögumanna í auknum mæli um allan heim. Seinni partur dagsins var svo nýttur við rætur Ben Nevis, hæsta fjalls Bretlands, þar sem hugmyndafræðin var spegluð í verklegri kennslu.

Annar dagurinn hófst á að æfa mismunandi leiðsögunætti og í framhaldinu gerðar verklegar æfingar til að búa til sem besta upplifun fyrir viðskiptavinum með misjafnar þarfir. Einnig var hugmyndafræði *Slow Adventure* skoðuð, en hún hefur verið að ryðja sér til rúms undanfarið innan ævintýraferðamennsku. Seinni parturinn fór í að fræðast um nágrenni bæjarins með þjóðgarðsvörðum frá *Nevis Landscape Partnership* og fór hópurinn m.a. með þeim að planta trjám. Mikið var rætt um

hlutverk leiðsögumanna þegar kemur að verndun náttúrunnar og hvernig leiðsögumenn geti lagt sitt af mörkum til náttúruverndar.

Þriðja daginn var svo keyrt um nærumhverfi Fort William, skoðaðir voru vinsælir ferðamannastaðir eins og Glenfinnan þar sem hluti út Harry Potter myndunum var tekinn og söfn og gestastofur heimsóttar. Verkefni þessa dags var að skoða hvernig upplýsingar eru settar fram á mismunandi hátt og velt vöngum yfir hvernig best sé að gera það. Auk þess þurftu þátttakendur að nýta það sem þeir höfðu lært dagana á undan með því að standa fyrir kynningu eða hópefli fyrir aðra þátttakendur.

Almenn ánægja ríkti með námskeiðið og töldu allir þátttakendur að það kæmi sér

vel fyrir starfandi einstaklinga í ferðaþjónustu hvar sem er í heiminum.

Næsta námskeið í ADVENT verkefninu verður haldið í Kajaani í Finnlandi í maí þar sem námskeið sem ber heitið *What kind of adventure traveler are you? Customer Knowledge* verður prufukeyrt. Nánar má lesa um ADVENT verkefnið á www.adventureedu.eu



Páskablað Eystrahorns kemur út miðvikudaginn 17. apríl.

Skilafrestur á auglýsingum og öðru efni er til kl.14 mánudaginn 15. apríl.

Hátíðarguðsþjónustur á Pálmásunnudag

14. apríl 2019

Hofskirkja kl. 11:00
Hátíðarguðsþjónusta

Kálfafellsstaðarkirkja kl. 13:30
Hátíðarguðsþjónusta og
barn borið til skírnar

Allir
velkomnir



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



SAMVERUSTUND

föstudaginn 12. apríl kl. 17:00.

Íslenskir og ísraelskir farfuglar.

Björn Gísli Arnarson fuglaáhugamaður sýnir
fuglamyndir og segir frá ferð sinni til Ísrael.
Ekki missa af þessu!

Minum á skráningu í **HAUSTFERÐINA** 2019
þann 23.-26. september.

Skráning hjá Guðbjörgu í síma 478-1336 og
866-1336. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Fyrirhugað iPad námskeið verður haldið á
haustdögum.

FERMINGARTILBOÐ

Rúm, verð frá 89.400kr dýnuhlíf fylgir með.
Allt í herbergið fyrir fermingarbarnið
náttborð, rúmföt, rúmteppi, speglar, hillur,
lampar og fl.

Einnig úrval af fallegu skarti frá Sign og Asa.
Tjöld og svefnpokar frá Everest og margt
fleira.

Vorum að fá nýja sendingu af fallegum
grænum og
blómstrandí
pottablómum

Verið velcomin

Húsgagna

Símar: 478-2535 / 898-3664
Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

Aðalfundur Félags Harmonikuunnenda, Hornafirði



verður haldinn laugardaginn
27. apríl n. k. kl. 11.00 í
Ekusal, Víkurbraut 30.
Venjuleg aðalfundarstörf, nýir
félagar velkomnir.

Stjórnin.

KIRKJUBRAUT 63, 780 HORNAFIRÐI.

Einbýlishús með bílskúr,
samtals 154,1 m², á
frábærum stað á Höfn í
Hornafirði.

Töluverðar endurbætur
hafa verið gerðar á
húsinu.



Opið hús þriðjudaginn 16. apríl kl. 17:00-17:30.

Verð 33,8 milljónir

Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný í
síma 869-8650 eða á jona@trausti.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Úmbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.
Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma
848-3933.



Gullmerki Sindra afhent



Á dögnum veitti Ungmennafélagið Sindri tveimur félagsmönnum Gullmerki Sindra. Það voru þau Jóhanna Stúgsdóttir og Gunnar Ingi Valgeirsson. Gullmerki Sindra er afhent þeim sem unnið hafa framúrskarandi störf í þágu Ungmennafélagsins Sindra. Í umsögn um þau kom eftirfarandi fram:

Jóhanna Stúgsdóttir (Jóka)

“Hún hefur sinnt uppeldi hvers einasta fótboltamanns sem hefur spilað í Sindratreyjunni með einhverjum hætti og hefur alltaf hagsmunir og velferð félagsins að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Hana þekkja allir sem hér hafa stundað íþróttir, sama hversu skamman tíma það hefur verið. Ég get ekki ímyndað mér neina manneskju sem er með Sindrahjartað á betri stað en Jóka!”

Gunnar Ingi Valgeirsson

“Framlag Gunnars Inga til knattspyrnudeildar, bæði sem leikjahæsta leikmanns meistaraflokks karla (og í deildarkeppni á Íslandi) og stjórnarmanns er óumdeilt. Hann hefur verið í stjórn Knattspyrnudeildar Sindra samfleytt frá árinu 1991 og hefur séð um ótal sérverkefni fyrir deildina svo sem Humarhátíð og fleira. Starf hans fyrir deildina hefur verið óeigingjarnt og hann hefur verið mjög öflugur í störfum sínum fyrir hana og aldrei látið sitt eftir liggja sama hversu stór eða smá verkefni eru.”

Einnig voru Silfurmerki Sindra afhent, sem eru fyrir fyrsta landsleik/keppni og vel unnin stjórnarstörf. Að þessu sinni hlutu eftirtaldir Silfurmerki Sindra.

Ingibjörg Valgeirsdóttir fyrir að hafa leikið landsleiki á meðan hún var í Sindra.

Ingibjörg Lúcia Ragnarsdóttir fyrir að hafa leikið landsleiki á meðan hún var í Sindra.

Kristján Guðnason vegna formennsku í stjórn Knattspyrnudeildar Sindra til fjölda ára.

Stjórn Sindra óskar öllum ofangreindum til hamingju með viðurkenninguna.



HEILSUHORN HSU

Nýtt fræðsluefni í heilsuvernd skólabarna

Skólahjúkrunarfræðingar sinna fjölbreyttum verkefnum í grunnskólum. Helstu verkefni í heilsuvernd skólabarna eru m.a. fræðsla, forvarnir, skimanir og bólusetningar. Markmiðið er að efla heilbrigði og stuðla að vellíðan nemanda. Í öllum árgöngum fer fram skipulögð fræðsla þar sem áherslan er að hvetja nemendur til heilbrigðra lífshátta. Eftir hverja fræðslu fá foreldrar tölvupóst með upplýsingum um hvað fjallað var um hverju sinni. Mikið úrval er af fræðsluefni sem skólahjúkrunarfræðingar styðjast við og er það í stöðugri þróun. Á þessu skólaári var verið að bæta inn nýju áhugaverðu fræðsluefni í nokkrum árgöngum.



Með þessum breytingum er m.a. lögð aukin áhersla á geðheilbrigði. Strax í öðrum bekk fá nemendur fræðslu um mismunandi tilfinningar og hversu fljótt sé hægt að flakka á milli ólíkra tilfinninga. Með þessu móti geta börnin lært að þekkja mismunandi tilfinningar og lært að tjá sig um þær. Í fjórða bekk fá nú nemendur fræðslu um kvíða, hver einkenni hans geta verið og að hann geti verið eðlilegur. Rætt er við nemendur um úrræði við kvíða og börnunum kenndar slökunaræfingar. Í tíunda bekk fá nemendur fræðslu um geðheilbrigði þar sem farið er yfir einkenni geðsjúkdóma, hvert nemendur geta leitað eftir aðstoð og farið yfir bjargráð eins og hugræna atferlismeðferð, núvitund og slökun.

Hægt og rólega er einnig verið fara að bæta inn endurlífgun í sjötta til tíunda bekk þar sem nemendur fá verklega þjálfun í að hnoða og blása. Stefnir er að því að allir nemendur í sjötta til tíunda bekk fái kennslu í endurlífgun en farið verður rólega af stað. Í fyrstu mun kennslan fara fram í sjötta og tíunda bekk en síðar munu áttundi og níundi bekkur bætast við.

Það sem fjallað hefur verið um hér er aðeins lítill hluti af þeirri skipulögðu fræðslu sem skólahjúkrunarfræðingar sinna en fræðsluskipulagið í heild sinni eftir árgöngum má sjá nánar um https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item17615/Heilsuvernd%20skolabarna_til%20starfsf%C3%B3lks%20skola.pdf.

*Fh. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Sandra Leifs Hauksdóttir, skólahjúkrunarfræðingur í
Grunnskólanum í Hveragerði*

Fiskbúð Gunnhildar

Fjölbreytt úrval fiskrétta, verið velkomin með ílátin ykkar.

ATH Lokað verður þriðjudaginn 23. apríl og miðvikudaginn 24. apríl. Gleðilega Páska

Fiskbúð Gunnhildar



FYRSTI HEIMALEIKUR MFL. SINDRA

MJÓLKURBIKARINN 2. UMFERÐ
LAUGARDAGINN 13. APRÍL KL. 14:00

SINDRI – LEIKNIR F.

FJÖLMENNUM Á VÖLLINN OG
STYÐJUM OKKAR MENN



VÍNAR SNITZEL

Franskar og sósa

1.895 kr.



HVÍTLAUKS KRYDDUÐ KJÚKLINGA BRINGA

Franskar og gos

1.695 kr.



BEIKON BORGARI STAKUR

1.095 kr.



Nesti

Tilboð gilda út apríl 2019

Alltaf til staðar

N1

Hagyrðingakvöld og dansleikur að Hótel Smyrlabjörgum laugardaginn 13. apríl 2019 n.k.

Borðhald hefst kl. 19:00 og hagyrðingar príla á pall kl. 21:00. Hagyrðingar eru: Kristín Jónsdóttir, Snorri Aðalsteinsson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Andrés Björnsson.

Stjórnandi: séra Hjálmar Jónsson.

Fyrir dansi spila Hilmar og fuglarnir og líka Ekrubandið.

Miðaverð á skemmtun og dansleik
kr. 3.000.-

Félag Harmonikuunnenda, Hornafirði.



Umhverfis Suðurland

Hin sænska Greta Thunberg sá ekki tilgang í því að ganga menntaveginum þegar framtíð hennar og komandi kynslóða er ekki tryggð og hóf hún því að skröpa í skólann á föstudögum og mæta þess í stað ein fyrir utan þinghús Svía og mótmæla. Hún hóf Loftlagsverkfallið (s. Skolstrejk för klimatet) síðastliðið haust en hefur nú orðið andlit og talsmaður ungs fólks um allan heim sem krefja yfirvöld til að bregðast við hættunni og taka til aðgerða.

Yfir milljón nemendur hafa nú tekið þátt í mótmælum í anda Gretu í yfir 125 löndum í öllum heimsálfum. Loftlagsverkföll hafa verið haldin á fimm stöðum um Ísland. Greta hefur m.a. komið fram í TEDtalk og talað fyrir Sameinuðu þjóðunum og hefur nú verið tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels fyrir sitt framlag í baráttunni við loftlagsvandann.

Engin skipulögð verkföll hafa farið fram á Suðurlandi en Umhverfis Suðurland myndi gjarnan vilja heyra af því og taka þátt! Allir geta lagt sitt að mörkum með því að taka upp grænni lífsstíl og vekja athygli á málinu. Endilega deilið ykkar upplifun [#umhverfissudurland](#)



Hreinsunardagar:

Hreint umhverfi - gott mannlíf !

Hreinsunardagar verða 23. apríl til 26. apríl

Íbúar eru hvattir til að taka vel til í kringum hús sín og nærumhverfi á Höfn og Nesjahverfi.

Fyrirtæki eru hvött til að taka vel til við fyrirtæki sín og á lóðum, á ekki síður við um geymslulódir.

Þessa daga verða strákarnir í Áhaldahúsinu að hirða upp rusl sem fólk gengur frá á aðgengilegum stað við lóðarmörk, ef magnið er mikið, hafið samband í síma 895-1473 (Skúli)

Hreinsunardagar í sveitum

Brotajárn, rafgeymar og önnur spilliefni verða hirt frá 23.-26. apríl. Mikilvægt er að koma úrgangi fyrir á áberandi stöðum, stærra brotajárn skal koma fyrir þar sem vörubíll kemst að.

Hreinsunardagar í sveitum:

Lón og Nes	þriðjudaginn 23. apríl.
Mýrar	miðvikudaginn 24. apríl.
Suðursveit og Örafi	föstudaginn 26. apríl.

Bændur eru beðnir um að tilkynna daginn áður ef óskað er eftir því að náð sé í spilliefni. Tilkynnið tímanlega ef fjarlægja á brotajárn í s. 895-1473 eða á skuli@hornafjordur.is

Aðeins verður náð í spilliefni ofangreinda daga og brotajárn verður aðeins sótt þessa viku.

Fegrum umhverfið fyrir sumarkomu.



Endurvinnslutunnan

The Recycle Bin • Kosz sortowniczy

Í Endurvinnslutunnuna má setja eftirfarandi flokka:

The Recycle Bin accepts the following materials:

Segregacji odpadów należy dokonywać według następujących kategorii:



Dagblöð og tímarit.
Newspapers & magazines.
Gazety i czasopisma.



Pappír, bæklingar, umslög og ruslpóstur.
Office paper/envelopes & junk mail.
Papier biurowy, koperty i papiery pocztowe,
czasopisma reklamowe.



Sléttur pappi/bylgjupappi s.s. hreindir pizzukassar og morgunkornspakkar.
Cardboard & non corrugated cardboard.
Clean pizza boxes.
Kartony: czyste opakowania po pizzy oraz płatkach śniadaniowych.



Málmar s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrukum.
Metals for example cans & jar lids.
Odpady blaszane: puste puszki, zakrętki od słoików.



Fernur, skolaðar og samanbrotnar.
Beverage ctns, clean & folded.
Kartony po mleku (muszą być czyste i złożone razem).



Plastumbúðir s.s. sjampóbrúsar, plastdósir og plastpokar.
Plastic emballage, bags etc.
Odpady plastikowe: butelki po szamponach, pudełka po kremach, reklamówki i folie plastikowe.



Vinsamlega skilið ónýtum rafhlöðum á endurvinnslustöð.
Please take used batteries to the recycling depot
Bezużyteczne baterie prosze odzukać do ponownego przetwarzania. Dziękuję

Ekki gler vegna slysaættu við flokkun!
No glass due to accident risk when sorting!
Uprzejmie prosimy nie wrzucać szkła do kosza sortowniczego z powodu niebezpieczeństwa podczas sortowania.



Upplýsingar / Information / Informacje
470 8027



Geymið auglýsinguna á áberandi stað • Keep this ad in a prominent place
Proszę o zachowanie ogłoszenia w widocznym miejscu



VIÐ LEITUM AÐ HRESSU SUMAR- STARFSFÓLKI Á HÖFN

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini, vörumóttöku, áfyllingar, þrif og annað tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Góð íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund og sjálfstæði í starfi

Umsóknir á **olis.is**.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum.

SUMARSTÖRF Á OLÍS HÖFN



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn

Afsláttur til félagsmanna

— Kræsingar og kostakjör fyrir páskaveisluna —
Afláttur gildir frá 11. - 14. apríl í öllum verslunum Nettó og Kjörbúðarinnar



-23%

Hamborgarhryggur

1.599 kr

Verð áður: 2.077 kr

KEA



-33%

**Páskaegg nr. 5
frá Nóa Siríus**

1.699 kr*

Verð áður: 2.549 kr

*Á meðan birgðir endast.



-13%

**Frosið
lambalæri**

999 kr

Verð áður: 1.148 kr

GOÐI

Hjá okkur getur þú borgað með Netgíró og skipt greiðslum eins og þér hentar!

nettó

KJÖRBÚÐIN
í næsta nágrenni

Samkaup



netgíró